



Fundargerð
aðalfundar SASS

haldinn í Vík í Mýrdal
29. og 30. október 2015

✓ **Setning**

Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna og þakkaði Mýrdælingum móttökurnar. Hann skilaði kveðjum frá Ragnheiði Elínu Árnadóttur og Halldóri Halldórssyni sem ekki gátu komið á fundinn.

✓ **Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Elínu Einarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

✓ Elín Einarsdóttir tók til máls og bauð fulltrúa velkomna í Mýrdalshrepp.

Einnig lagði hún fram svohljóðandi tillögu stjórnar SASS að kjörbréfanefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

✓ **Aðalfundur SASS**

✓ **Starfsskýrsla 2014-2015**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hjá SASS starfa nú 13 starfsmenn en starfstöðvarnar eru 5. Starf menningarfulltrúa Suðurlands færðist yfir til SASS með breytingum sem urðu á Menningarráði Suðurlands. Mikil og góð samstaða hefur verið innan stjórnar SASS og þakkaði formaður stjórnarmönnum fyrir gott samstarf en haldnir hafa verið 13 stjórnarfundir á tímabilinu. Einnig hafa verið sóttir fleiri fundur, s.s. starfamessa í FSu, skipulagsráðstefna á Hellu, svæðisskipulagsgerð og samráðsvettvangur sóknaráætlunar.

Skrið var undir samning um sóknaráætlun landshluta fyrir tímabilið 2015-2019 í febrúar sl. Megináhersla sóknaráætlunar er að vinna að stefnumörkun landshluta, ráðstafa fjármunum til áhersluverkefna og styrkveitinga. Samhliða undirritun samnings um sóknaráætlunir varð til Uppbyggingarsjóður Suðurlands og er atvinnunýsköpunar- og menningarstyrkjum úthlutað úr honum. Á árinu 2015 hefur verið úthlutað 80 milljónum króna í styrki. Alls bárust 185 umsóknir í Uppbyggingarsjóð. Menningartengdar umsóknir voru 118 og var úthlutað til 61 aðila, flestir voru styrkir til tónlistar. 67 umsóknir bárust í nýsköpun og atvinnumál og var úthlutað til 32 aðila. Í júní var haldinn fundur um samráðsvettvang um mótun sóknaráætlunar Suðurlands. Boðaðir voru 40 fulltrúar sem tilnefndir voru af sveitarfélögum á Suðurlandi.

Megináherslur áætlunarinnar eru m.a. að auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málum, vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á

Suðurlandi, draga fram sérstöðu einstakra svæða og jákvæða ímynd, hækka menntunarstig og auka fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi.

Einnig ræddi hann um stöðu hjúkrunarrýma í landshlutanum, biðlistar eru langir og skortur er á hjúkrunarrýmum, þörf er á endurbótum og nýbyggingum og rekstrarhalli er almennt viðvarandi vandamál. Fjöldi á biðlistum er breytilegur en mjög margir eru á lista í dag bæði eftir hjúkrunar- og hvíldarrýmum. Hjúkrunarrýmum á Suðurlandi þarf að fjölga um rúm 19% til að bregðast við núverandi þörf.

Rekstur almenningssamgangna hefur ekki gengið sem skildi fyrstu 8 mánuði ársins og hefur farþegafjöldi dregist saman. SASS leggur mikla áherslu á að ríkið standi við gerða samninga við sveitarfélög um almenningssamgöngur. Almenn ánægja hefur verið hjá notendum frá því að SASS tók við og er mikilvægt að halda í það.

Unnið hefur verið að mótun atvinnumálastefnu og er henni lokið í tveimur sveitarfélögum og er að komast á lokastig í öðrum tveimur.

ART verkefnið hefur verið gríðarlega farsælt. Námskeiðshald og handleiðsla er sífellt stækkandi þáttur í starfsemi teymisins og er eftirspurn af öllu landinu.

Formaður horfir björtum augum til framtíðar og með samvinnu allra, þ.e. sveitarfélaga, íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka á Suðurlandi erum við betur í stakk búin til að takast á við breytingar og nýta tækifærin.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmati fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 60 en gild kjörbréf eru fyrir 60 fulltrúa. Alls eru 45 aðalfulltrúar mættir og 5 varamenn. 10 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmatum.

✓ **Tillaga að breytingum á samþykktum SASS**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, lagði fram tillögur að breytingum á samþykktum SASS.

Elín Einarsdóttir, tók til máls og lagði til að vísa breytingum á samþykktum til allsherjarnefndar til umfjöllunar.

Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Ársreikningur SASS og Menningarráðs**

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikninga SASS og Menningarráðs fyrir árið 2014. Tekjur SASS 2014 voru tæplega 141 millj., rekstarkostnaður rúmlega 178 millj. og rekstrartap ársins var 34,6 millj.

Christiane L Bahner, Eyþór H. Ólafsson og Helgi Kjartansson tóku til máls.

Christiane L Bahner, lagði fram fyrirspurn um slit á Menningarráði Suðurlands. Nefndi hún hvort ekki þurfi að taka þau sérstaklega fyrir á fundinum samkvæmt samþykktum Menningarráðs.

Lagt er til að vísa breytingum á samþykktum um slit á Menningarráði til allsherjarnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

Lagt er til að vísa ársreikningum til allsherjar- og fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Fjárhagsáætlun SASS,**

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Til máls tóku auk Elínar fundarstjóra, Ásta Stefánsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Christiane L. Bahner, Kjartan Björnsson, Páll Marvin Jónsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Björn Ingi Jónsson og Eyþór H. Ólafsson.

Eyþór H. Ólafsson lagði fram bréf frá Listvinafélagi Hveragerðis (Listvinir.is) með athugasemdum við nýtt fyrirkomulag menningarstyrkja. Lagt er til að vísa bréfinu til mennta- og menningarmálanefndar.

Gunnar Þorgeirsson, formaður, og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Lagt er til að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

Elín Einarsdóttir tók til máls og lagði til þær breytingar á dagskrá fundarins að Þórður Freyr Sigurðsson kynni næst sóknaráætlun Suðurlands.

Var það samþykkt samhljóða.

Þórður Freyr Sigurðsson, ráðgjafi hjá SASS, tók til máls og ræddi um sóknaráætlun Suðurlands.

Skrifað hefur verið undir samning um fjármagn til byggðaðróunar í landshlutanum til 5 ára. Mikið hefur verið spáð í hvernig verkefnið ætti að vera unnið. Grunnurinn er að sveitarstjórnarmenn séu upplýstir um ferlið, þeir komi að mótun stefnunnar og með þessu verði augin samvinna milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum. Sameinaðir hafa verið eldri vaxtar- og menningarsamningar. Áfram verða sömu verkefni styrkhæf, úthlutanirnar eru tvær, sjóðurinn er skilgreindur sem samkeppnissjóður, notuð eru opinber viðmið við mat á verkefnum og fagrað gera tillögur að úthlutun. Í dag er einn sjóður og einn verkefnastjóri.

Framtíðarsýn og stefnumörkun sjóðsins er að auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi og

menningu á Suðurlandi sem laðar að íbúa og gesti, hvetjandi umhverfi til menntunar, rannsóknar og þróunar, atvinnusköpun sem byggir á sjálfbærri nýtingu á auðlindum landshluta, sterkar byggðir og traustir innviðir. Vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakara svæða.

Í lokin lagði Þórður Freyr fram spurningar til umhugsunar fyrir fundarmenn og benti þeim á að senda sér tillögur og ábendingar.

✓ **Kosning starfsnefnda ársþings**

Ásgeir Magnússon, fundarstjóri, bar upp eftirfarandi tillögur að starfsnefndum:

**ÁRSÞING SASS 2015
STARFSNEFNDIR**

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg

Allsherjarnefnd

Christiane Leonor Bahner, formaður
Eydís Þ. Indriðadóttir
Ásgerður Gylfadóttir
Kjartan Björnsson
Helgi Kjartansson
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir
Hildur Sigurðardóttir
Halldóra Hjörleifsdóttir

Sveitarfélag

Rangárþing eystra
Flóahreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sveitarfélagið Árborg
Bláskógabyggð
Skaftárhreppur
Vestmannaeyjabær
Hrunamannahreppur

Atvinnumálanefnd

Helgi S. Haraldsson, formaður
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Gunnar Örn Marteinnsson
Eggert Valur Guðmundsson
Árni Eiríksson
Þórhallur Einisson
Lilja Einarsdóttir
Kristján S. Guðnason
Jón Páll Kristófersson
Auður Ósk Vilhjálmsdóttir

Sveitarfélagið Árborg
Rangárþing ytra
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Flóahreppur
Hveragerðisbær
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sveitarfélagið Ölfus
Vestmannaeyjabær

Fjárhagsnefnd

Gunnsteinn R. Ómarsson, formaður
Ingibjörg Harðardóttir
Kristófer Tómasson
Ásta Stefánsdóttir
Birna Þórsdóttir

Sveitarfélagið Ölfus
Grímsnes- og Grafningshreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Vestmannaeyjabær

Mennta- og menningarmálanefnd

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður
Viktoría Sif Kristinsdóttir
Sæmundur Helgason
Trausti Hjaltason
Axel Ingi Viðarsson
Valgerður Sævarsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Birkir A. Tómasson
Eva Björk Harðardóttir
Gunnhildur Imsland

Sveitarfélagið Árborg
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Hornafjörður
Vestmannaeyjabær
Sveitarfélagið Árborg
Bláskógabyggð
Flóahreppur
Rangárþing eystra
Skaftárhreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður

Samgöngunefnd

Björn Ingi Jónsson, formaður
Ingi Már Björnsson
Gunnar Egilsson
Nanna Jónsdóttir
Garðar R. Árnason
Benedikt Benediktsson
Þorgils Torfi Jónsson
Meike Erika Witt
Guðmundur Oddgeirsson
Elliði Vignisson

Sveitarfélagið Hornafjörður
Mýrdalshreppur
Sveitarfélagið Árborg
Ásahreppur
Hveragerðisbær
Rangárþing eystra
Rangárþing ytra
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sveitarfélagið Ölfus
Vestmannaeyjabær

Velferðarnefnd

Unnur Þormódsdóttir, formaður
Guðmundur Á. Pétursson
Yngvi Karl Jónsson
Páll Marvin Jónsson
Árman Einarsson
Brynja J. Jónasdóttir
Magnús Gíslason
Bjarney Vignisdóttir
Eva Dögg Þorsteinsdóttir
Lovísa Rósa Bjarnadóttir
Þórhildur Ásta Magnúsdóttir

Hveragerðisbær
Grímsnes- og Grafningshreppur
Rangárþing ytra
Vestmannaeyjabær
Sveitarfélagið Ölfus
Ásahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Hrunamannahreppur
Mýrdalshreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sveitarfélagið Hornafjörður

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson, formaður
Valtýr Valtýsson
Björgvin Skafti Bjarnason
Viðar Helgason
Ragnar Magnússon
Arna Ír Gunnarsdóttir
Eyrún M. Stefánsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eypór H. Ólafsson
Anna Björg Níelsdóttir
Stefán Óskar Jónasson

Rangárþing ytra
Bláskógabyggð
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Hrunamannahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Bláskógabyggð
Flóahreppur
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Ölfus
Vestmannaeyjabær

Tillögurnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

✓ **Kosning í stjórnir og nefndir**

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögur kjörnefndarinnar um stjórn og nefndir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Tillaga kjörnefndar að stjórn, ráðum og nefndum á vegum SASS. Lagt fram á ársþingi samtakanna dagana 29. og 30. október 2015

Stjórn SASS:

Aðalmenn:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshr.
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarf. Árborg
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarf. Árborg
Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði
Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi
Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi
Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Varamenn:

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarf. Hornafirði
Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Eypór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

Formaður: Gunnar Þorgeirsson

Varaformaður: Elín Einarsdóttir

Kjörnefnd SASS

Aðalmenn:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði.
Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Kristján Sig. Guðnason, Sveitarfél. Hornafirði
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfél. Ölfusi
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ

Varamenn:

Þórhallur Einisson, Hveragerðisbæ
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Sv. Hornafirði
Ágústa Ragnarsdóttir, Sveitarf. Ölfusi
Birna Þórsdóttir, Vestmannaeyjabæ

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Skaftárhreppi
Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð

Ingi Már Björnsson, Mýrdalshreppi
Björgvin Skafti Bjarnason, Sk-. og Gnúpvhr.
Árni Eiríksson, Flóahreppi

Formaður: Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði
Varaformaður: Kristján Sig. Guðmundsson, Hornafirði.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands

Aðalmaður:

Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi

Varamaður:

Íris Böðvarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Lagt er til að vísa til nefnda:

✓ **Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda/ráða**

Ásgeir Magnússon tók til máls og lagði til að tillögu um laun stjórnar, nefnda og ráða verði vísað til fjárhagsnefndar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

✓ **Tillaga vinnuhóps um að unnið verði kortasafn (Atlas) fyrir Suðurland**

Tillögunni verða gerð skil í erindi Matthildar Elmarsdóttur frá Alta síðar á fundinum.

✓ **Tillögur lagðar fram**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, tók til máls og lagði fram ársskýrsla Skólaskrifstofu Suðurlands, einnig lagði hann til að vísa henni til fjárhagsnefndar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

✓ **Umræður**

Enginn kom upp og kvaddi sér hljóðs.

Ávörp gesta

Ásgeir Magnússon, fundarstjóri kynnti gesti sem ávarpa fundinn.

Ólöf Norðdal, innanríkisráðherra

Ólöf Norðdal, innanríkisráðherra, tók til máls og þakkaði fyrir boðið á ársþingið. Fyrst ræddi hún um vegamálin í landshlutanum. Í Vík er t.d. nauðsynlegt fara í framkvæmdir, hvort sem núverandi vegi verður breytt eða gerð jarðgöng, ekki er þó búið að taka ákvörðun um hvaða leið verður farin. Einnig taldi hún brýnt að ráðast í framkvæmdir á nýrri brú yfir Hornafjarðarfljót og breikkun Suðurlandsvegar milli

Hveragerðis og Selfoss sem komin er á áætlun.

Aukning hefur orðið í vetrarþjónustu en erfitt er að áætla hve miklir fjármunir fara í það verkefni. Þegar vegir verða betri þá verður aukið tilkall til að vegirnir séu opnir. Umferð um ferðamannastaði, t.d. eins og Gullfoss og Geysi, er ekki viðunandi eins og staðan er í dag og þarf að huga að breytingum þar. Einnig ræddi hún um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja en verið er að ljúka frágangi við útboð á nýjum Herjólfvi. Ekki er þó komið á hreint hvorum megin við áramótin verður farið í útboðið. Ræddi hún um almenningssamgöngur á svæðinu.

Einnig talaði hún um almannavarnir á svæðinu en mjög mikilvægt er að það sé til góð áætlun þar sem náttúruhamfarir, s.s. flóð, gos o.fl., geta orðið á svæðinu. Unnið er að undirbúningi að varnargörðum vegna hugsanlegra flóða við Vík, ráðast þarf í ákveðnar aðgerðir og telur hún vöktun á svæðunum mjög mikilvæga en þær eru nú í höndum Vegagerðarinnar.

Varðandi eflingu á sveitarstjórnarstiginu þá nefndi hún sameiningu sveitarfélaga. Ólöf er ekki hrifin af þvingunarsameiningu en með sameiningu er þjónustustig aukið til muna, má þá nefna aukna þjónustu við fatlað fólk og aldraða. Fara þarf varlega í breytingar sem þessar en það verður að gera þetta með samþykki þeirra sem eiga í hlut. Telur hún að málaflokkur fatlaðra sé betur kominn hjá sveitarfélögum en ríki. Ræddi hún um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en hann hefur stutt fjárhagslega við sveitarfélögin. Að lokum ræddi hún um mikilvægi þess að gott traust ríki á milli ríkis og sveitarfélaga.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tók til máls og skilaði hann kveðju frá Ragnheiði Elínu Árnadóttur og öðrum þingmönnum sem gátu ekki verið hér.

Hann gladdist yfir þeim árangri sem náðst hefur á vinnumarkaði að undanfögnu.

Vinna við afnám gjaldeyrishafta. Hagvöxtur hefur nú aukist og er hann ánægður með að við séum á réttri leið. Stöðugleiki í efnahagslífinu hefur jákvæð áhrif á fólk í landinu.

Kjördæmavika var haldin fyrir stuttu og skiptir þar miklu máli að fá fundi með sem flestum sveitarstjórnarmönnum til að fá að heyra hvað er brýnt á hverjum stað.

Samgöngumálin voru ofarlega í huga hans af þessum fundum, Herjólfur, uppbygging á höfninni í Þorlákshöfn.

Miklar breytingar hafa orðið á höfninni á Höfn, það þarf að huga að því verkefni en allar þessar endurbætur kalla á mikla fjármuni. Ferðaþjónustan kallar á auknar endurbætur á vegum þar sem að ferðamenn eru hrein viðbót við það að þjóna okkur íbúum. Það eru of fáir löggæslumenn í kjördæminu og eru þeir í mjög auknum mæli að gæta að ferðamönnum og hafa því minni tíma í að þjónusta okkur íbúana. Þingmenn gera sér grein fyrir að auka þarf löggæslu.

Búið er að jafna þjónustu við þá sem eru á köldum svæðum og jafna þá út greiðslur til þeirra.

Ljósleiðaravæðing hefur orðið mikil hér og er það eitt mikilvægasta skrefið sem unnið

hefur verið að til að jafna búsetuskilyrði.

Almenningssamgöngur voru einnig ræddar í kjördæmavikum, það verður að huga að þeim. En vel hefur tekist með samgöngur hér á Suðurlandi.

Einnig ræddi hann um að sveitarfélög þurfi fleiri tekjustofna. Skynsamlegt væri að gjald fylgdi viðkomandi byggð ef upp verða tekin gjöld af ferðamönnum. Nú þegar náttúruverndarlögin eru tekin til skoðunar þarf að hafa í huga hvernig hægt er að komast hjá því að ferðamenn leggi vítt og breytt um landið en ekki á tilteknum tjaldsvæðum.

Málefnum aldraða þarf að huga vel að og því fólki sem komið hefur okkur upp. Hjúkrunarheimilin eru kostnaðarsöm en vinna þarf að því að kanna hvort hægt sé að sameina vinnu/þjónustu hjúkrunarheimila, heilbrigðisstofnana og sveitarfélaga, minni steinsteypa og meiri þjónusta. Ræddi hann um landbúnaðarmál en hann tók dæmi um hvernig hlutirnir eru erlendis varðandi innflutning á landbúnaðarvörum og hversu nauðsynlegt er að viðhalda landbúnaðinum hér á landi. Að lokum sagði hann frá því að sjávarútvegurinn gengi vel.

Karl Björnsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri, Sambands íslenskra sveitarfélaga tók til máls og skilaði kveðju frá Halldóri Halldórssyni. Ræddi hann um fjármál sveitarfélaga, tekjuþróun sveitarfélaga er á uppleið en hefur þó ekki náð þeim hæðum sem voru þegar best lét. Útgjöldin eru orðin meiri en þau voru í kringum 2008, huga þarf að þessu þar sem þetta er ekki þróun. Nauðsynlegt er að tryggja tekjustofna því að ólíklegt er að hægt verði að draga meira saman en nú er gert.

Ræddi hann um styrkari tekjustofna og hvatti sveitarstjórnir og fundinn til að álykta um þetta mál. Óska á eftir að sveitarfélögin fá hlutdeild í almenna hluta tryggingargjaldsins, gjöldum af umferð, skattlagningu fyrirtækja, arðgreiðslu til eigenda fyrirtækja, tekjum af auðlindum, raforku, ferðaþjónustu og fiskeldi. Einnig hvatti hann fundarmenn til að álykta um þjónustu við fatlað fólk en sveitarfélögin þurfa aukið fjármagn í þennan flokk. Rekstrarhalli sveitarfélaga hvað varðar þjónustu við fatlað fólk var gríðarlegur árið 2014 og gera má ráð fyrir að hallinn aukist á árinu 2015. Það þarf einnig að hækka útsvar.

Nú hefur verið gerð sóknaráætlun, Karl telur vera bæði kosti og galla við þessa áætlun en þó eru kostirnir mun fleiri en gallarnir.

Sveitarfélög þurfa að fá fjárstyrk til uppbyggingar ferðamannastaða á sínum svæðum. Almenningsamgöngur eru fjárhagsleg áhætta fyrir sveitarfélög og landshlutasamtök, það er mikil þörf á að ríkið fari í endurskoðun á lagaumhverfi svo að einkaleyfi landshlutanna til reksturs almenningsamgangna haldi.

Hjúkrunarheimili. Sveitarfélögum ber ekki að greiða með rekstri hjúkrunarheimila, það þarf að vinna að mikla greiningu til hægt verði að færa hjúkrunarheimili til sveitarfélaga.

Ljósleiðaravæðing. Aðgangur að háhraðafjarskiptatengingum er grunnþjónusta sem standa skal öllum landsmönnum til boða óháð búsetu en auka þarf fjármuni í það verkefni.

Sambandið vill koma að hugsanlegum móttökum flóttamanna sem samræmingar- og upplýsingaraðili, heildarendurskoðun og samræmingu reglna um móttöku allra hópa, það þarf að skoða vandlega og greina kostnað og verkaskiptingu. Fjárstuðningur frá ríkinu þarf að ná til a.m.k. þriggja ára. Samræma þarf húsnæði og kennslu fyrir flóttafólk. Til að þetta náist þarf mikið og gott samstarf ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og Rauða krossins.

Að endingu hafði Karl á orði að það væri óhætt að segja að allt væri á uppleið í landinu og er það jákvætt.

Erindi

ART-verkefnið

Sigríður Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri ART-teymisins ásamt starfsmönnum, kom upp og kynnti ART-verkefnið og lagði fram bækling með upplýsingum um ART-þjálfun á Suðurlandi. Í framhaldi af því sýndu þau kynningarmyndband af börnum bæði á leik- og grunnskóla aldri sem sögðu frá því hvað þau höfðu lært í ART-inu og hvað það er.

Sameining sveitarfélaga

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, ræddi um sameiningu sveitarfélaga „margt smátt gerir eitt stórt“, huga þarf vel að ávinningi við sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélögum fækkaði verulega í kringum síðustu aldamót en síðan þá hefur dregið úr sameiningum. Með sameiningu mætti bæta rekstrarafkomu sveitarfélaga til muna. Um leið er ljóst að hlutdeild og umfang sveitarstjórnarstigs í skattheimtu hefur aukist á undanförum árum, tekjuöflun farið vaxandi hjá sveitarfélögum ásamt verkefnaumfangi. Aukið umfang á rekstri skýrist ekki nema að hluta til af tilfærslu verkefna til sveitarstjórna. Hröð öldrun þjóðarinnar mun setja enn meiri þrýsting á rekstur sveitarfélaga á komandi árum. Aukin framleiðni er eina leiðin til að ná að bæta afkomu sveitarfélaga án þess að skerða lífskjör. Mögulegar aðgerðir til að bæta rekstrarafkomu er minna þjónustuframboð, hækkan skatta og gjaldskráa en ekki er það vænn kostur.

Það er meiri kostnaður við minni sveitarfélög. Stærri sveitarfélög hafa meiri burði til að veita kjarnþjónustu. Bætt gæði þjónustunnar er ekki síður mikilvægur ávinningur sameiningar. Hræðsla við sameiningu hjá íbúum er að þjónustan verði ekki eins góð og verið hefur.

Nefndi hann sem dæmi sameiningu skattembætta og sýndi þar dæmi um vel framkvæmda sameiningu.

Smærri sveitarfélög eru að fá mun meira frá Jöfnunarsjóðnum en stóru sveitarfélögin og er það neikvæður hvati til sameiningar ásamt neikvæðum hvata til rekstrarlegs aðhalds.

Benti hann á að fækka mætti sveitarfélögum úr 74 í 12 án þess að breyta núverandi landshlutaskiptingu en heppilegasti fjöldinn væri þarna á milli. Að lokum er gott að hafa í huga að stærri og burðugri sveitarfélög geta tekið við fleiri verkefnum.

Forathugun um svæðisskipulagsáætlun fyrir Suðurland

Matthildur Elmarsdóttir, ráðgjafi hjá Alta, kom og sagði frá skýrslu starfshóps sem SASS skipaði og hafði það hlutverk að skýra og ræða þætti sem taka þarf afstöðu til áður en ráðist verður í svæðisskipulagsáætlun fyrir Suðurlands. Haldnir hafa verið 3 fundir með 30 fulltrúum sveitarfélaganna.

Það þarf lágmark 2 sveitarfélög til að vinna að svæðisskipulagi. Ekki er verið að taka staðbundnar ákvarðanir eingöngu nema nauðsyn þyki. Markmið skipulagsáætlana er að m.a. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta.

Gerð þessarar áætlunar styður við framtíðarsýn og stefnu sóknaráætlunar, eykur samvinnu sveitarfélaga, tengir á milli atvinnu og skipulagsmála, verndar auðlindir, vinnur að kortlagningu á náttúru, mannaúði og menningu á Suðurlandi dregur fram sérstöðu hvers svæðis, dreifir ferðamönnum á svæðin. Einnig veltir hún upp hvert landfræðilegt umfang ætti að vera, á þetta að vera allur landshlutinn eða aðeins 2-3 svæði. Niðurstaðan varð sú að vinna fyrir allan landshlutann. Efnislegt umfang ætti að vera samgöngur, ferðamálin og auðlindarmál. Velt var upp tveimur valkostum, hvort fara ætti í þröngt eða vítt umfang. Hópurinn fór yfir kosti og galla svæðisskipulagsgerðar. Helstu kostir voru meiri samstaða, heildarsameign í vegakerfi og leiðakerfi, það yrði til gagnabanki fyrir svæðið, markaðssetningin yrði rædd út á við. Gallarnir eru of mörg svæði innan skipulagsins, takmarkaðir fjármunir í verkefnið, hár stofn- og rekstarkostnaður, of lögformlegt. Niðurstaða hópsins var að unnið verði kortasafn fyrir Suðurland, (Atlas) hópurinn telur ekki ástæðu til að fara í gerð svæðisskipulagsáætlunar fyrir Suðurland þó flestir séu sammála um að mikilvægt sé að ræða sameiginleg skipulagsmál.

Ljósleiðaravæðing landsbyggðanna

Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum, kom og ræddi um að ljósleiðaravæðing fyrir landið væri gríðarleg framför. Fyrir orkugeirann yrði þessi væðing gríðarleg bylting. Erfiðast við þetta verkefni er regluverk en hafið er samráð við ESA sem gerir það mun auðveldara að fara í þéttbýli og dreifbýli og leggja þræðina. Heildarkostnaður er 6.3 milljarðar, gert er ráð fyrir 5 ára verkefni. Framtíðartekjur af hverri tengingu af ljósleiðaranum eru 250 þús. Hlutverk sveitarfélaga í þessu er að tryggja þátttöku, innheimta tengigjald frá íbúum ef svo ber undir, skilgreina starfsmenn og tengiliði, undirbúa og tryggja framkvæmdaleyfi, afla og miðla upplýsingum um öll jarðvinnuáform einkum í veitustarfsemi, uppfæra nákvæma staðallista og gera samning við landeigendur. Það er mikilvægt að sveitarfélög vinni saman. Góð nettenging og símatenging er mjög mikilvæg fyrir okkur og einnig fyrir ferðamennina sem heimsækja landið okkar.

Raforka - afhendingaröryggi og framtíðin

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets, flutti erindi um raforku, afhendingaröryggi og framtíðina. Hlutverk Landsnets er skilgreint í raforkulögum sem flutningur raforku á Íslandi, uppbygging á raforkukerfi, stjórnun raforkukerfis á landinu og að skapa forsendur fyrir virkri samkeppni í framleiðslu og sölu raforku. Annmarkar á flutningskerfinu draga úr sjálfbærni, of veikt flutningskerfi takmarkar framleiðslu virkjana, hlutfallslega mikil orka tapast. Skert notkun vegna takmarkana í flutningskerfi leiðir til þess að að fara þarf yfir í aðra orkugjafa svo sem olíu. Afleiðingar skerðingar eru skemmdir á raftækjum hjá notendum vegna lélegra spennugæða. Rafmagnsleysi á sér stað þegar flutningskerfið er ekki traust.

Kerfið á suðvesturhorninu er tiltölulega sterkt en annars staðar á landinu er ekki eins tryggt rafmagn. Byggðalínan er stór hluti að vandamálinu því hún er ekki að ná að anna eftirspurn. Hún var byggð á árunum 1972-1984 og þá voru kröfurnar ekki eins miklar og þær eru í dag. Notkun á rafmagni hefur aukist frá þessum tíma. Stærð raforkukerfisins hefur einnig aukist mikið. Landsnet er nú aðallega að horfa á tvo aðalvalkosti fyrir styrkingu byggðalínu, annars vegar hálendisleið eða byggðaleið og er það helsta málefni þeirra að ná fram umræðu og niðurstöðu um kerfið.

Ásgeir Magnússon fundarstjóri þakkaði gestum fyrir komuna og frestaði fundi til morguns.

Nefndarstörf hófust.

Fundarstjóri, Ásgeir Magnússon, setti fund kl. 10:20 þann 30. október.

Umræður og ályktanir ársþings

Hér á eftir fara tillögur, ályktanir og afgreiðslur starfsnefnda.

Kjörbréfanefnd

Ásgeir Magnússon tók til máls og lagði fram tillögu kjörbréfanefndar

Stjórn SASS:

Aðalmenn:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningsshr.
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarf. Árborg
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarf. Árborg
Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði
Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi
Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi
Unnur Pormóðsdóttir, Hveragerðisbæ
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Varamenn:

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Lóvísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarf. Hornafirði
Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Eypór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

Formaður: Gunnar Þorgeirsson
Varaformaður: Elín Einarsdóttir

Kjörnefnd SASS

Aðalmenn:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði
Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Kristján Sig. Guðnason, Sveitarfél. Hornafirði
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfél. Ölfusi
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Skaftárh. r.
Halldóra Hjörleifsd., Hrunamannahreppi
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð

Varamenn:

Þórhallur Einisson, Hveragerðisbæ
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Sv. Hornafirði
Ágústa Ragnarsdóttir, Sveitarf. Ölfusi
Birna Þórsdóttir, Vestmannaeyjabæ
Ingi Már Björnsson, Mýrdalshreppi
Björgvin Skafti Bjarnason, Sk- og Gnúpvhr.
Árni Eiríksson, Flóahreppi

Formaður: Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Varaformaður: Kristján Sig. Guðmundsson, Hornafirði

Stjórn Fræðslunets Suðurlands

Aðalmaður:

Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi

Varamaður:

Íris Böðvarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Var tillaga kjörbréfanefndar borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Atvinnumálanefnd

Helgi S. Haraldsson, formaður atvinnumálanefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2015.

Atvinnumálanefnd

Mættir: Lilja Einarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Páll Marvin Jónsson, Eggert Valur Guðmundsson, Auður Ósk Vilhjálmisdóttir, Kristján S. Guðnason, Hörður Óli Guðmundsson, Guðrún Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson og Árni Eiríksson. Ritari: Gunnar Þór Gunnarsson.

Aðalfundur SASS, haldinn í Vík dagana 29. - 30. október 2015, leggur áherslu á eftirtalin atriði við ríkisvaldið varðandi atvinnumál á svæðinu.

Raforkumál

Tryggja verður afhendingaröryggi rafmagns á Suðurlandi og einnig verður að tryggja þriggja fasa rafmagn á öllu svæðinu hið fyrsta, þessir þættir eru báðir forsendur fyrir uppbyggingu byggðar og atvinnu á Suðurlandi.

Háhraðatengingar

Tryggja verður, nú þegar, að farið verði fyrir alvöru í að ljósleiðaravæða Suðurland. Háhraðatengingar eru forsenda byggðar og atvinnu í dreifðari byggðum. Þrátt fyrir að liggi fyrir áætlun um að ljósleiðaravæða ísland skítur skökku við að stjórnvöld leggi til í fjárlagafrumvarpi aðeins 300 milljón krónum í verkefni sem er metið á 6,3 milljarða króna.

Uppbygging ferðamannastaða

Tryggja verður að stjórnstöð ferðamála sem nú hefur verið stofnuð fari þegar að starfa að fullum krafti að þeim aðkallandi verkefnum sem ekki þola lengri bið. Tryggja verður að auknu fjármagni verði strax varið í uppbyggingu og viðhald ferðamannastaða á Suðurlandi, sem nú þegar eru farnir að láta á sjá vegna aukins ferðamannastraums. Gjaldtaka hefjist sem fyrst, í hvaða formi sem hún verður, og skili sér til uppbyggingar og viðhalds svæða í samhengi við fjölda ferðamanna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gunnar Þorgeirsson tók til máls og þakkaði það traust sem honum var sýnt með kosningu til formanns hér áðan einnig tók til máls Helgi S. Haraldsson.

Tillögur atvinnuálanefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Christiane L. Bahner formaður allsherjarnefndar tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2015.

Ályktanir og tillögur allsherjarnefndar SASS á aðalfundi sem haldinn er 29. og 30. október 2015.

Í nefndinni sátu:

Christiane Leonor Bahner, formaður, Rangárþingi eystra, Eydís Þ. Indriðadóttir, Flóahreppi, Ásgerður Gylfadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði, Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Skaftárhreppi, Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi, Þórður Freyr Sigurðsson, starfsmaður SASS, ritari nefndar, og Sigrún Guðmundsdóttir, HES, áheyrnarfulltrúi.

Tillögur er varða breytingar á samþykktum: Allsherjarnefnd leggur til að horfið verði frá breytingum sem lagðar voru fyrir fundinn um lið 4.3 í samþykktum SASS, sökum þess að tillagan um slit á Menningarráði Suðurlands, skv. 11. grein samþykktá þess var ekki í útsendum fundargögnum eins og kveðið er á um í samþykktum SASS. Allsherjarnefnd leggur til að stjórnarmenn SASS gefi kost á sér í stjórn Menningarráðs Suðurlands og lagt verði fyrir næsta ársþing SASS tillaga að formlegum slitum Menningarráðs Suðurlands og breytingum á

samþykktum SASS þeim tengdum. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga að breytingu á lið 5.1. verði borin óbreytt undir aðalfund SASS.

Sóknaráætlun Suðurlands:

Árþing SASS fagnar þeim áfanga sem náðist við undirritun nýs samnings um sóknaráætlun til fimm ára. Fundurinn fagnar því einnig að staða sóknaráætlunar hafi verið tryggð í nýjum lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Það er hins vegar ljóst að ef markmið samningsins eiga að nást er algjört grundvallaratriði að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins og þá ekki síst til að standa straum af umsýslukostnaði sem leiðir af kröfum ríkisins til landshlutanna.

Árþing SASS ályktar að breytingar skuli gerðar á samningi við ráðuneytin, um Sóknaráætlun Suðurlands, varðandi skilyrði um hlutfall kjörinna fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Suðurlands (verkefnastjórn Sóknaráætlunar) svo SASS sé í sjálfsveld sett hvert hlutfallið sé.

Árþing SASS styður framlagða stefnumörkun Suðurlands og leggur til að Sóknaráætlun Suðurlands verði endurskoðuð árlega og mikilvægt sé að ályktanir SASS séu lagðar til grundvallar við forgangsröðun og endurskoðun Sóknaráætlunar ár hvert.

Árþing SASS telur þörf á betri tengingu Sóknaráætlunar Suðurlands við sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi. Allsherjarnefnd telur æskilegt að í hverju sveitarfélagi verði að lágmarki einn kjörinn fulltrúi tengiliður inn í vinnu við gerð Sóknaráætlunar hverju sinni.

Árþing SASS leggur til að verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands verði falið að útfæra ofangreindar hugmyndir nánar.

Löggæsla:

Árþing SASS ályktar eftirfarandi um löggæslumál á Suðurlandi. Umdæmi Lögreglustjórans á Suðurlandi er mjög víðáttumikið og fjölbreytilegt. Hin mikla aukning ferðamanna á Íslandi hefur aukið verulega verkefni lögreglunnar. Það segir sig sjálft að fámennt lögreglulið á Suðurlandi, sem ekki gat sinnt öllum sínum lögbundnu verkefnum fyrir þessa miklu aukningu ferðamanna, er engan veginn í stakk búið til að takast á við þessi verkefni án aukinnar fjárframlaga og stöðugilda. Staðan er einfaldlega sú, að hún getur í raun hvorki sinnt auknum verkefnum vegna aukins þunga ferðamanna né veitt íbúum umdæmisins þá þjónustu sem henni er falið samkvæmt lögum.

Árþing SASS 2015 skorar á Alþingi að taka á þessum málum af alvöru, sækja fram og gæta hagsmuna og öryggis íbúa Suðurlands og allra þeirra gesta og ferðamanna sem um landshlutann fara. Tryggja þarf auknar fjárveitingar til lögreglunnar til að gera henni kleift að sinna verkefnum sínum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gunnar Þorgeirsson, Christiane L. Bahner, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, tóku til máls.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tók til máls og lagði fram tillögu kjörnefndar í Menningarráð.

Menningarráð

Aðalmenn:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarf. Árborg
Elín Einarisdóttir, Mýrdalshreppi
Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi

Varamenn:

Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði
Sæmundur Helgason, Hornafirði
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra
Eggert Valur Guðmundsson, Árborg
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Tillögur kjörnefndar að fulltrúum í Menningarráð var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillögur allsherjarnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Fjárhagsnefnd

Gunnsteinn R. Ómarsson, formaður fjárhagsnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2015.

Fundur fjárhagsnefndar SASS á ársþingi 2015 haldinn í Vík hinn 29. október 2015 kl. 17:00.
Mætt: Gunnsteinn Ómarsson, Ingibjörg Harðardóttir, Kristófer Tómasson og Ásta Stefánsdóttir. Bjarni Guðmundsson kom inn á fundinn.

Fjárhagsnefnd SASS mælir með því að fjárhagsáætlun SASS verði samþykkt eins og hún er lögð fram.

Fjárhagsnefnd mælir með því að ársreikningur Menningarráðs verði samþykktur.

Fjárhagsnefnd telur rétt að lífeyrisskuldbinding Skólaskrifstofu verði sérstakur liður í ársreikningi SASS og í skýringum verði skilgreind hlutfallsleg ábyrgð aðildarsveitarfélaga. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við ársreikning SASS og Skólaskrifstofu og lagt til að gengið verði frá slitum Skólaskrifstofu.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda verði samþykkt.

Fjárhagsnefnd leggur til að aðalfundur SASS samþykki eftirfarandi ályktun:

Árþing SASS haldið í Vík 29. til 30. október 2015 lýsir yfir áhyggjum af fjárskorti í rekstri málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi, en útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að um 150 mkr muni falla á sveitarfélögin á þessu rekstrarári tilviðbótar við 63 mkr árið 2014. Ljóst er að verulega vantar upp á að nægilegt fjármagn hafi fylgt við yfirfærslu málaflokksins. Telur árþing SASS að ef ekki næst ásættanleg niðurstaða varðandi fjármálahlutann í endurskoðun þeirri sem nú stendur yfir verði sveitarfélögunum nauðugum einn kostur að skila málaflokknum til ríkisins.

Árþing SASS haldið í Vík 29. til 30. október 2015 skorar á ríkisvaldið að standa vörð um almenningssamgöngur á landinu. Skilgreina þarf lagaramma verkefnisins og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn.

Árþing SASS haldið í Vík 29. til 30. október 2015 skorar á ríkisvaldið að auka hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera, s.s. með hlutdeild í fjármagnssköttum, tryggingagjaldi og öðrum sköttum af atvinnurekstri og sköttum af umferð, s.s. bensínskatti og olífugjöldum. Einnig verði dregið úr skatttöku ríkisvaldsins af rekstri sveitarfélaga, s.s. hvað varðar virðisaukaskatt og tryggingagjald.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Björn Thorarensen og Ásta Stefánsdóttir, tóku til máls.

Ársreikningur SASS og Menningarráðs voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun SASS var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillögur fjárhagsnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Mennta- og menningarnefnd

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður mennta- og menningarnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á árþingi SASS 2015.

Ályktanir

Menntamál

Árþing SASS haldið í Vík í Mýrdal dagana 29.-30.október 2015 leggur ríka áherslu á aukið framboð háskólanáms á Suðurlandi. Þingið leggst alfarið gegn því að þær háskólastofnanir sem fyrir eru á svæðinu, eins og til dæmis Landbúnaðarháskóli Íslands að Reykjum í Ölfusi og Íþrótt og heilsufræðinám Háskóla Íslands á Laugarvatni, verði fluttar burtu. Aukið menntunarstig á svæðinu er gríðarlega mikilvægt og því verður ekki náð með því að því flytja

háskólastofnanir úr héraði. Mikilvægt er að sækja fram og efla þær skólastofnanir sem fyrir eru á svæðinu, ásamt því að ná betri tengingu þeirra við atvinnulífið. Þannig næst meiri verðmætanýting auðlinda og fjölbreyttari störf verða til.

Menningarmál

Árþing SASS haldið í Vík í Mýrdal dagana 29.-30.október leggur áherslu á að aukið fjármagn verði tryggt í úthlutun til menningarmála hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Mikil gróska er í menningarmálum og því er mikilvægt að hlúa að slíkri starfsemi. Fjármagn til menningartengdrar starfsemi á Suðurlandi, svo sem Kirkjubæjarstofu, Kötluseturs og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar þarf að tryggja til framtíðar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls

Tillögur mennta- og menningarmálanefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Samgöngunefnd

Björn Ingi Jónsson, formaður samgöngunefndar þurfti, að víkja af fundi en til máls tók Valtýr Valtýsson og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2015.

Samgöngunefnd:

Formaður: Björn Ingi Jónsson,

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur hjá Strætó, Þórarinn E. Sveinsson starfsmaður SASS.

Nefndarmenn: Ingi Már Björnsson Mýrdalshreppi, Gunnar Egilsson, Sveitarfélaginu Árborg,

Nanna Jónsdóttir, Ásahreppi, Garðar R. Árnason, Hveragerðisbæ, Einar Skafti Bjarnason,

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Guðmundur Oddgeirsson, Sveitarfélaginu Ölfusi, Hildur Sólveig

Sigurðardóttir, Vestmannaeyjarbæ, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Skaftárhreppi, Valtýr

Valtýsson, Bláskógabyggð og Eva Dögg Þorsteinsdóttir, Mýrdalshreppi

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Auk fundarstjóra, Ásgeirs Magnússonar, tóku til máls Gunnar Egilsson, Ásta Stefánsdóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson, Eva Dögg Þorsteinsdóttir, Ingi Már Björnsson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Eva Björk Harðardóttir.

Björgvin Skafti Bjarnason, tók til máls og gerði athugasemd við fundarstjórn. Ásgeir Magnússon tók til máls.

Í framhaldi af umræðum á fundinum tók nefndin tillögurnar til endurskoðunar og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Árspaning SASS 2015 29. og 30. október í Vík í Mýrdal

Árspaning SASS haldið í Vík í Mýrdal 29.-30. október 2015 leggur áherslu á eftirfarandi:

Grynnslin og hafnir.

Árspaning SASS 2015 leggur þunga áherslu á að tryggja fé til rannsókna á sandburði í og umhverfis Sunnlenskar hafnir svo finna megi varanlegar lausnir á þessari náttúruvá. Óásættanlegt að hafnarsjóður Hornafjarðar þurfi að standa sjálfur straum að kostnaði við aðgerðir sem tryggja, þó ekki nema til bráðabyrgða, eðlilega umferð fiski- og fraktskipa um Hornafjarðarós. Hafa ber í huga að Grynnslin eru fyrir utan skilgreint hafnarsvæði.

Almenningssamgöngur.

En hefur ekki tekist að tryggja rekstrarumhverfi almenningssamgangna. Skilvirkt lagaumhverfi um almenningssamgöngur er alger forsenda þessa að sveitarfélögin á Suðurlandi sjái sér fært að halda áfram utan um þetta verkefni. Markaðsrannsóknir og markaðssetning er mikilvæg tól til að auka nýtingu almenningssamgangna.

Samgöngur

Árspaning SASS telur mikilvægt er að tryggja eðlilegt viðhald flugvalla á Suðurlandi með öryggissjónarmið íbúa í huga. Reykjavíkflugvöll áfram í Vatnsmýri er mikið hagsmunamál fyrir íbúa á landsbyggðinni. Tryggja þarf uppbyggingu samgöngumannvirkja sem skemmst hafa vegna náttúruhamfara. Einnig þá vegi sem teknir hafa verið út af vegaskrá Vegagerðarinnar og hafa þjónustuhlutverk.

Árspaning SASS 2015 leggur áherslu á að útboð á nýjum Herjólfli verði að veruleika hið fyrsta.

Árspaning SASS 2015 leggur áherslu að ný veglína um Mýrdal komist á 12 ára samgönguáætlun.

Umferðaröryggi - Löggæsla

Sú mikla aukning ferðamanna til landsins hefur í för með sér mikla aukningu umferðar á þjóðvegum á Suðurlandi. Mikill fjöldi einbreiðra brúa og vega án bundins slitlags eru miklar slysgildir sem mikilvægt er að verði fjarlægðar hið fyrsta. Fjármunir til viðhalds vegakerfis á Suðurlandi eru langt undir því sem nauðsynlegir eru til að tryggja umferðaröryggi. Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til vetrarþjónustu þannig að umferðaröryggi verði tryggt s.s. þjónusta við Suðurstrandaveg á þeim tímum sem lokanir verða yfir Helligheiði og um Þrengsli. Við endurnýjun vega verði tekið tillit til ríðandi og hjólandi umferðar.

Háhraðatengingar.

Árspaning SASS 2015 fagnar framkominni skýrslu starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettengingum á Íslandi. Þau markmið sem þar koma fram eru nauðsynleg til að tryggja atvinnu uppbyggingu og búsetuval íbúa landsins. Mikilvægt er að þessum áformum verði hrint í framkvæmd nú þegar. Nauðsynlegt er að skýra hlutverk sveitarfélaga í

verkefninu. Ljóst er að fjárhagsleg geta sveitarfélaga til að standa undir miklum kostnaði vegna háhraðanetsuppbýggingar eru misjafnar.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir lagði fram breytingartillögu á þá leið að að bætt yrði inn í kaflann um Samgöngur eftirfarandi setningu: Þrýst er á að Vegagerðin hraði framkvæmdum í Gatnabrún.

Var tillaga Evu Daggar borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Tillögur samgöngunefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Velferðarnefnd

Unnur Þormóðsdóttir, formaður velferðarnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2015.

Ályktanir velferðarnefndar SASS á ársþingi sem haldið er 29. og 30. október 2015

Í nefndinni sátu:

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, Hveragerði

Guðmundur Á Pétursson	Grímsnes-og Grafningshreppi
Páll Marvin Jónsson	Vestmannaeyjabæ
Ármann Einarsson	Sveitarfélaginu Ölfusi
Brynja J Jónasdóttir	Ásahreppi
Magnús Gíslason	Sveitarfélaginu Árborg
Bjarney Vignisdóttir	Hraunamannahreppi
Eva Dögg Þorsteinsdóttir	Mýrdalshreppi
Lovísa Rósa Bjarnadóttir	Sveitarfélaginu Hornafirði
Yngvi Karl Jónsson	Rangárþingi ytra
Sigríður Þorsteinsdóttir	ritari

Hjúkrunarrými / stuðningur við aldraða til að búa lengur heima

Ársþing SASS haldið á Vík dagana 29 og 30 október 2015 leggur áherslu á að unnið verði samkvæmt skýrslu um stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi sem SASS lét gera nú á vormánuðum.

Megin niðurstöður skýrslunnar voru:

- að mikilvægt væri að fjölga hjúkrunar- og hvíldarrýmum
- fjölga úrræðum fyrir heilabílaða
- útrýma tvíbýlum
- tryggja nægjanlegt einkarými svo hægt sé að veita nauðsynlega persónulega þjónustu - hækka daggjöld svo rekstur heimila standi undir sér.

Árið 2014 voru sveitarfélög og stofnanir svæðisins að greiða tæplega 200 milljónir með rekstrinum.

Nauðsynlegt er að styrkja heimahjúkrun á svæðinu til muna svo að í boði verði kvöld- og helgarþjónusta. Það ásamt því að fjölga hvíldarrýmum og gefa leyfi fyrir endurhæfingarhvíldarrýmum gæti dregið úr þörf fyrir hjúkrunarrými auk þess að koma til móts við óskir fólks um að búa heima eins lengi og unnt er.

Á biðlistum núna eru 30 manns að bíða eftir hjúkrunarrýmum og 55 manns að bíða eftir hvíldarrýmum á svæðinu.

ART verkefnið í uppnámi - tryggja þarf fjármögnun nú þegar.

Árþing SASS haldið á Vík dagana 29 og 30 október 2015 lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART verkefnið á Suðurlandi.

Skorað er á þingmenn Suðurlands að standa vörð um þetta mikilvæga verkefni og óskar eftir því að Velferðarráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið til frambúðar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Árþing SASS haldið á Vík dagana 29 og 30 október 2015 hvetur ríkisvaldið til að tryggja fjármuni með rekstri sjúkraflutninga á svæðinu. Með stórauknum ferðamannafjölda hefur 20% aukning á sjúkraflutningum orðið á milli árána 2011 og 2014, aukning í júlímánuði 2015 samanborið við júlímánuð 2011 er 46%. Árið 2015 vantar 35 milljónir til málaflokksins svo starfsemin standi undir sér. Brýnt er að styrkja sjúkraflug þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarka.

Árþingið hvetur ríkisvaldið til að tryggja fjármagn til reksturs göngudeildar HSU á Selfossi en Velferðarráðuneytið hvatti stofnunina til að hefja rekstur deildarinnar. Deildin þjónar íbúum svæðisins sem þurfa sérhæfðar lyfjagjafir og blóðskilun. Fjármagn hefur ekki fylgt verkefninu og er áætlaður kostnaður 18,5 milljónir króna.

Árþingið telur nauðsynlegt að tryggja fæðingarþjónustu í nærumhverfi þjónustupega. Þar sem aðgengi að fæðingarþjónustu innan nærumhverfisins er ekki viðkomið vegna smæðar samfélaga eða annarra ytri þátta er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á fæðandi konur og fjölskyldur þeirra.

Árþingið tekur undir sjónarmið Hornarfjarðar og bendir á skýran vilja Bæjarstjórnar Hornarfjarðar og framkvæmdarráðs HSU Hornafirði til að endurnýja þjónustusamning við sveitarfélagið áður en núverandi samningur rennur út í lok árs 2016. Mikill árangur hefur náðst á þeim 19 árum sem sveitarfélagið Hornafjörður hefur séð um rekstur heilbrigðisstofnunar í samþættingu þjónustunnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillögur velferðarnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson formaður umhverfis- og skipulagsnefndar tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2015.

Aðalfundur SASS 2015

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson (formaður) Rangárþingi ytra, Eyrún B. Magnúsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, Bláskógabyggð, Ragnar Magnússon, Hrunamannahreppi, Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ, Sigrún Jóna Jónsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi, Anna Björg Níelsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði og Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Með nefndinni störfuðu Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta og Dorothee Lubecki, SASS.

Ályktanir umhverfis- og skipulagsnefndar á Ársþingi/aðalfundi SASS Vík í Mýrdal 30.10.2015:

1. Ársþing SASS 2015 telur rétt að taka fyrstu skref í að byggja upp kortasafn (Atlas) fyrir Suðurland sem nýst getur við stefnumótun og skipulag á Suðurlandi einkum í ferðaþjónustu. Lagt er til að hefja vinnuna með þeim upplýsingum sem liggja í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna og tengjast ferðamálum. Ákjósanlegt væri að efla skipulagsmál sem áherslusvið hjá skrifstofu SASS.
2. Ársþing SASS 2015 leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið sjái til þess að sveitarfélög fái virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum endurgreiddan.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku Christiane L. Bahner og Gunnar Þorgeirsson,

Tillögur umhverfis- og skipulagsnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Lagt er til að stjórn fari yfir ályktanir og samræmi

Lagði fundarstjóri til að fundurinn samþykkti að vísa tillögum fundarins til nánari útfærslu hjá stjórn.

Nú var komið að fundarlokum og gaf fundarstjóri formanninum, Gunnari Þorgeirssyni, orðið. Þakkaði hann góðan, málefnalegan og gagnlegan fund. Einnig þakkaði hann starfsmönnum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga fyrir góðan undirbúning fyrir fundinn og Mýrdælningum viðurgjöorning allan og sleit fundi.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.